

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 312

Dagsetning: 26. ágúst 2025

Fundartími: 08:15 – 9:32

Fundarstaður: Fundarsalur NO 4. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þórhallur Jónsson

Fjarverandi

Þröstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi.

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri

Gestir

Dagskrá fundar

1. Sex mánaða uppgjör.
2. Vísitala Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar.
3. Arðgreiðsla
4. Svar við erindi Grýtubakkahrepps vegna Reykjaveitu
5. Sala á hlut Norðurorku í Skógarböðum ehf.
6. Kynnisferð stjórnar og eigenda 2025

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Sex mánaða uppgjör

Fjármálastjóri fór yfir 6 mánaða uppgjör félagsins sem er í góðu samræmi við áætlun.

Lagt fram til kynningar.

2. Vísitala Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar

Fjármálastjóri kynnti vísitölu Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar 2026 og forsendur hennar.

Vísitölubreytingar: Á liðnum árum hefur verið notuð ákveðin aðferðafræði varðandi grunn til útreikninga á breytingum gjaldskráa komandi árs. Annars vegar er ársreikningur liðins árs brotinn niður og vægi rekstrarkostnaðar tengdur vísitölum; neysluverðsvísitölu, byggingavísitölu og launavísitölu. Einstakir liðir ársreiknings tengjast mismunandi vísitölu eftir því hvaða vísitala hefur mest áhrif á viðkomandi lið. Með þessu sjást áhrif vísitölubreytinga á rekstrarkostnað Norðurorku. Verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands fyrir komandi ár eru skv. útgefnu riti Seðlabankans um peningamál 20. ágúst 2025.

Vísitala Norðurorku liðna 12 mánuði (ágúst 2024 til júlí 2025) reiknast 5,4% og verðbólguþáttur Seðlabankans fyrir árið 2026 er 3,6%. Þessar prósentur vegnar saman til helminga eru 4,5% sem myndar grunn fjárhagsáætlunar 2026, bæði fyrir tekjur (gjaldskrárhækkanir) og annan rekstrarkostnað.

Launaáætlun tekur mið af áætlun Seðlabanka Íslands um launahækkanir, en einnig er horft til kjarasamninga Norðurorku hf. og breytinga í stöðugildum. Reiknað er með 4,1% hækkun launakostnaðar 2026. Fjármagnsliðir taka mið af áætlun Seðlabanka Íslands um verðbólgu 2026, eða 3,6%. Afskriftir taka mið af fyrningaskýrslum og áætluðum fjárfestingum.

Vísitölubreytingar hafa ekki áhrif á áætlun afskrifta.

Auk ofangreindrar aðferðafræði er nú, sem fyrr, einnig horft til rekstrar og áhrifa stórra verkefna sem Norðurorka hf. vinnur að. Þessi aðferðafræði hefur reynst vel og gefið raungóða mynd af áhrifum verðbreytinga á rekstur Norðurorku hf.

Lagt fram til kynningar.

3. Arðgreiðsla

Umræða um arðgreiðslu.

Stjórn ákveður, vegna fjárfestinga og lántöku, að gera ekki ráð fyrir arðgreiðslu í fjárhagsáætlun 2026, vegna ársins 2025.

4. Svar við erindi Grýtubakkahrepps vegna Reykjaveitu

Stjórn ræddi erindi Grýtubakkahrepps vegna Reykjaveitu, bókun sveitarstjórnar varðandi málið og viðbrögð Norðurorku við erindinu. Fyrir liggur minnisblað lögfræðings um málið.

Í samræmi við minnisblað er það niðurstaða stjórnar að ekki liggi fyrir forsendur eða rök sem gera stjórn kleift að gera umbeðnar breytingar á gjaldskrá Reykjaveitu, umfram þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar.

5. Sala á hlut Norðurorku í Skógarböðum ehf.

Forstjóri kynnti tillögur að sölufarli fyrir hlut Norðurorku í Skógarböðum ehf.

Forstjóra falið að leita tilboða í hlut Norðurorku í Skógarböðunum í samræmi við framlögð gögn.

6. Kynnisferð stjórnar og eigenda 2025

Á fundi stjórnar 21. maí sl. var ákveðið að stefna á kynnisferð stjórnar og eigenda 5. júní þar sem horft væri inná við og innri starfsemi kynnt ásamt því að fara í skoðunarferð um vinnslusvæði félagsins. Af óviðráðanlegum orsökum þurfti að fresta ferðinni en nú er lagt til að kynnisferð verði farin samhliða eigendafundi sem áætlaður er í október.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:32